

Úrskurðarorð:

Steingrímur Gautur Kristjánsson, setufógeti í fógetaréttarmálinu í Kópavogi: Magnús S. Hjaltested gegn Margréti G. Hjaltested, yíkur ekki sæti.

Gerðarþoli, Margrét G. Hjaltested, greiði gerðarbeiðanda, Magnúsi S. Hjaltested, kr. 3.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðarins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. marz 1969.

Nr. 123/1968. **Guðmundur Ingvarsson**
Margrét Guðmundsdóttir
Stefanía Jónsdóttir
Ágústa Jónsdóttir
Þorsteinn Guðmundsson og
Málleysingjaskólinn í Reykjavík
 (Knútur Hallsson hrl.)
 gegn
Þórði Guðmundssyni og
Guðríði Guðmundsdóttur og gagnsök
 (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Erfðaskrá metin gild.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. júlí 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Gera þeir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði skiptaréttarúrskurður verði úr gildi felldur, erfðaskrá Halldórs heitins Pálmasonar, dags. 30. maí 1964, verði metin gild og þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjenda fyrir skiptadómi og Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 26. júlí 1968. Krefjast þeir þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði

staðfestur um efni sakar og þeim dæmdur málskostnaður óskipt úr hendi aðaláfrýjanda fyrir skiptadómi og Hæstarétti.

Eftir uppsögu skiptaréttarúrskurðarins hefur verið aflað skýrslna í málinu og aðiljapróf og vitna verið háð.

Anníliús Björgvin Jónsson, fæddur 13. nóvember 1902, eiginmaður gagnáfrýjanda Guðríðar Guðmundsdóttur. Hann segir í vætti sínu fyrir dómi: „Halldór Pálmason hafi oft komið á heimili mættis, og kveðst mættur oft hafa hitt hann. Varðandi lestrarkunnáttu hans segir mættur, að hann hafi aðallega séð Halldór líta í dönsk myndablöð, sem hann sá á heimili mættis. Mættur kveðst ekki hafa getað talað við Halldór, orð og orð hafi hann þó getað skilið, en samtalsþráður þeirra á milli hafi ekki getað orðið. Mættur kveðst aldrei hafa séð Halldór skrifa neitt. Hann segir, að oft hafi komið fyrir, að Halldór hafi haldið blöðum öfugt fyrir sér, og hafi það að álitni mættis mest verið til að reyna að líkjast öðrum, að hann var að líta í lesmál“.

Bjarni Sigurvin Össurarson, fæddur 28. marz 1907. Hann hefur hinn 26. febrúar 1969 gefið vottorð, sem hann síðar hefur staðfest með drengskaparheiti fyrir dómi, svohljóðandi: „Þar eð Halldór heitinn Pálmason, sem bjó að Granda-vegi 38 hér í bæ, og ég undirritaður vorum til sjós á sama skipi um tíu ára skeið að mestu leyti, er mér auðvelt að votta það, að Halldór heitinn var læs þrátt fyrir heyrnarleysi hans. Las hann jafnvel upphátt úr dagblöðum og hafði af því gaman. Þessi staðreynd, að Halldór var læs, var okkur skipsfélögum hans öllum kunnugt“.

Brandur Jónsson, fæddur 21. nóvember 1911, skólastjóri Heyrnarleysingjaskólans, hefur gefið vottorð, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, svohljóðandi: „Halldóri heitn. Pálmasyni kynntist ég ekki og get þess vegna ekki af persónulegum kynnum sagt um, hvernig lestrarkunnátta hans var, en eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið um hana, tel ég engan vafa leika á því, að hann hafi verið læs.

Skriftarkunnátta byggist á lestrarkunnáttu. Það er að vísu

hægt að læra að skrifa stafinn án þess að kunna að lesa, og þess eru dæmi, að menn hafi lært að skrifa nafnið sitt án þess að kunna það, en þá eru bæði stafirnir og nafnið aðeins merki, sem þeir hafa lært að setja á blað og tjá enga hugsun. En sá, sem eitthvað tjáir skriflega, raðar stöfunum saman í þau orð, sem hann vill túlka hugsun sína með, og það getur enginn, nema hann kunni að lesa.

Það litla, sem ég hefi séð af því, sem Halldór heit. Pálmason hefur skrifað, tel ég bera vott um, að hann hafi getað tjáð sig með því að skrifa, og það tel ég taka af allan vafa um, að hann hafi verið læs“. Fyrir dómi sagði vitnið, „að sér hafi verið sýnt það, sem skrifað sé í bókinni á réttarskj. 1, svo og eiginhandarskrift Halldórs í minnisblaði úr blokk (urskj. 9) og á úttektarnótu (urskj. 5), en samfelldar setningar hafi það ekki séð af hans hendi.

Vitnið segir, að útilokað sé að segja til um það, hve daufdumbur maður sé lengi að læra að lesa. Það sé komið undir nemanda og kennara í hverju falli.

Vitnið kveðst ekki vita þess dæmi, að sá, sem misst hafi heyrn, áður en hann næði að læra að lesa, hafi getað lært að lesa á eigin spýtur, en ef heyrn tapast, eftir að viðkomandi er orðinn talandi, þá geti nærri því hver sem er kennt honum lestur“.

Erna Ólafía Anníliús dóttir, fædd 4. febrúar 1936, dóttir gagnáfrýjanda Guðríðar Guðmundsdóttur, hefur ásamt systur sinni Ingibjörgu gefið vottorð, dags. 22. febrúar 1969, og síðar staðfest það fyrir dómi. Skýrir hún svo frá, að eitt sinn, er Halldór heit. Pálmason var með Morgunblaðið á heimili þeirra systra, hafi Ingibjörg tekið eftir því, „að hann sneri blaðinu á hvolfi. Gengum við til hans, og benti Ingibjörg honum á, að blaðið sneri ekki rétt. Sagði Halldór þá: „Imba mín, ég ekki lesa, skoða myndir“, og benti hann um leið á dönsk myndablöð, sem lágu venjulega á borði þar rétt hjá. Sögðum við honum, að honum væri alltaf velkomið að skoða myndablöðin, sem hann og gerði æ síðan upp frá þessu. Þó kom það fyrir, að faðir okkar reyndi að útskýra

fyrir Halldóri tekstana, sem stóðu fyrir neðan myndir í íslenzkum blöðum, og hann hafði, ef til vill, áhuga á að vita, hvað var. Gekk þetta þó misjafnlega vel“.

Guðjón Guðmundsson, fæddur 27. júlí 1891, hefur borið vætti í málinu fyrir dómi og staðfest það með eiði, svohljóðandi: „Vitnið kveðst hafa farið að vinna með Halldóri á fiskverkunarstöðinni árið 1957, en Halldór vann þar síðan til dauðadags. Hann segir, að Halldór hafi að jafnaði keypt Morgunblaðið og lesið, og kveðst vitnið oft hafa átt tal við Halldór um það, sem hafði staðið í blaði, og hafi Halldór stundum sagt sem svo: „Þetta stóð í blaðinu“, en vitnið kveðst ekki hafa spurt Halldór út í það, sem hann hafði verið að lesa. Þeir, sem mikið höfðu umgengizt Halldór, hafi vel getað skilið hann og hann hafi getað lesið orð af vörum manna, ef greinilega var talað. Það kveðst ekki hafa heyrt Halldór lesa upphátt, enda muni hann ekki hafa haft það fyrir sið.

Vitnið kveðst hafa séð Halldór kvitta fyrir kaupi sínu, og hann hafi stundum sagt vitninu, að hann hefði farið í banka til að leggja inn eða taka út peninga. Halldór hafi alltaf átt úr og verið stundvís og passað tímann, þó hann væri einn sér við vinnu“.

Guðmundur Ingvarsson hefur gefið svofellda aðilja-skýrslu fyrir dómi í málinu:

„Mættur segir, að uppeldisforeldrar hans sjálfs, Halldórs Pálmasonar, Sigurðar Sigurðssonar, Margrétar Guðmundsdóttur, Guðlaugar Stefaniú Jónsdóttur og Þorsteins Guðmundssonar hafi ánafnað Sigurði Sigurðssyni húseignina Grandaveg 38 (Melstað) eftir sinn dag. Eftir dauða Sigurðar hafi ekkja hans viljað, að þau 5 eftirlifandi uppeldissystkin nytu eignarinnar, og hafi hún fengið þeim húseignina til eignar. Síðan segir mættur, að hann, Halldór og Guðlaug Stefania hafi keypt parta hinna tveggja í eigninni, þannig að þau áttu hana 3 saman. Halldór hafi kviðið því að þurfa að leita á náðir óviðkomandi aðilja, ef hann yrði bjargþrota, og því hafi hann ákveðið að arfleiða mættan að fasteignarhlutanum. Kveðst mættur og hafa heitið Halldóri því, að

hann gæti verið á sínum vegum, ef hann gæti ekki séð um sig sjálfur.

Mættur segir, að Halldór hafi verið allæs, kunnað alla stafi og tölustafi og lesið dagblöð, svo að segja spjaldanna á milli, en lítið muni hann hafa lesið af bókum, þó hafi hann haft gaman að lesa sjóferðabækur, enda lengst af sjómaður, og kveðst mættur ætla, að hann hafi lesið að fullu gagni. Ekki sé hægt að segja, að hann hafi verið fullkomlega vel skrifaði, en hann hafi þó skrifað tölur sér til minnis. Líklega hafi Halldór haft einhvern snefil af heyrn, einkum á snögg og skörp hljóð“.

Guðmundur Pjetursson, fæddur 10. september 1904, hefur gefið vottorð, dagsett 5. marz 1969, sem hann síðar hefur staðfest með eiði fyrir dómi. Guðmundur kveðst á árunum 1928—1930 hafa verið ásamt konu sinni leigutaki hjá hjónunum Þórarni Arnórssyni og Ingibjörgu Halldórsdóttur, fósturforeldrum Halldórs heit. Pálmasonar. Guðmundur Pjetursson segir í vottorði sínu m. a.: “Áðurnefndur, Halldór Pálmason, uppeldissonur þeirra hjónanna, hafði mikil samskipti við okkur. Það bagaði hann að vísu nokkuð, að hann var heyrnarlaus, en hann virtist hins vegar mjög leikinn í að skilja fólk af varaburði, svo vandalítið var að ræða við hann. Minnst ég þess, að ég fékk stundum lánuð smíðatól hjá honum, og kom þá bezt í ljós, að hann virtist ekki í neinum vanræðum með að skilja, hvað við var átt. Ég minnst þess einnig að hafa lánað honum bækur og fengið bækur hjá honum. Við hjónin heyrðum hann lesa upphátt úr dagblöðum fyrir fóstura sinn, sem búinn var að missa sjónina. Það, sem gerir okkur þennan upplestur sérstaklega minnisstæðan, er það, að hann „sönglaði“, þegar hann las, en það var nokkuð algengt fyrirbrigði fyrr á árum og þótti frekar til lýta. Sömuleiðis minnst ég þess að hafa séð hann skrifa niður hluti sér til minnis með blýanti, þótt ég minnst ekki sérstakra atriða um það efni, enda langt um liðið. Þegar heyrnarleysið er undanskilið, virtist hann í öllu dagfari eins og fólk er flest, glaðlyndur, skemmtilegur og góðviljaður, sistarfandi eljumaður“. Fyrir dómi hefur vitnið auk þess

borið þetta: „Vitnið kveðst, auk þess sem í vottorðinu segir, muna eftir einu atviki, sem sýni lestrarkunnáttu Halldórs. Kveðst vitnið ásamt konu sinni hafa komið inn til Þórarins Arnórssonar og hafi Þórarinn sagt við Halldór: „Lestu fyrir hann Guðmund“, en Þórarinn hafi borið alskegg, og sjálf-sagt erfiðara að sjá varaburð hans. Halldór hafi þá farið að lesa upp úr Morgunblaðinu, og kveðst vitnið hafa fylgzt með lesmálinu. Að loknum lestri hafi Þórarinn sagt: „Les hann ekki vel, hann Dóri?, enda kenndi ég honum að lesa“.“

Guðmundur Þórður Sigurðsson, fæddur 28. september 1908, hefur hinn 17. febrúar 1969 gefið svohljóðandi vottorð: „Ég undirritaður Guðmundur Þ. Sigurðsson skipstjóri, til heimilis að Álftamýri 36, sem bjó í 19 ár í næsta húsi (Steinabænum) við Halldór heit. Pálmason, sem bjó á Grandaveg 38 (Melstað), votta hér með, að ég tel og hefi vissu fyrir, að Halldór hafi verið læs. Hann kom iðulega á heimili mitt og bað um dagblaðið „Vísir“, sem mun ekki hafa verið keypt á heimili hans.

Halldór var dagfarsprúður skýrleiksmaður og athugull, og er ég viss um, að hann hefur ekki gert neitt nema að yfirlögðu ráði“.

Fyrir dómi hefur vitni þetta borið, „að Halldór hafi að sönnu oft komið á heimili vitnisins og þeðið um „Vísir“, en vitnið kveðst ekkert vita um, að hve miklu leyti sá lestur kom Halldóri að gagni, því þeir hafi aldrei skipzt á orðum um það, sem í blaðinu hafi staðið. Kveðst hann því ekki vita, hvort Halldór var læs.

Vitnið kveðst hafa getað talað við Halldór Pálmason. Hann hafi ekki haft orðaforða nema lítið. Halldór hafi getað lesið varamál sér til gagns í viðtölum við vitnið, en vitnið kveðst bezt trúa því, að ókunnugum hafi gengið illa að skilja hann“.

Gylfi Baldursson, forstöðumaður Heyrnardeildar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, sem talinn er talmeina- og heyrnarsérfræðingur með „masters degree“ í þeim fræðum, hefur hinn 24. marz 1969 gefið svohljóðandi vottorð: „Hr. Egill Sigurgeirsson hæstaréttarlögmaður hefir sýnt mér tvö

ljósrit, en á öðru stendur „sokka 1 slóta 50 kr“, en á hinu stendur „glukkan 40 + 22“. Einnig hefur hann sýnt mér kladda, þar sem fyrst stendur „stóla“ og síðan sex tölustafir, 35, 12, 14, 10, 27, 18 og ólæsilegt pár fyrir aftan fyrstu þrjá stafina. Hefur lögmaðurinn lagt þá spurningu fyrir mig, hvort ráða megi af þessari skrift, að sá, sem skrifaði þetta, væri læs.

Svar mitt við þessari spurningu er það, að ekkert verði ráðið af þessari skrift um það, hvort skrifarinn sé læs eða ólæs ...“.

Jóhann Filippusson, fæddur 7. janúar 1910, hefur borið svofellt vætti í málinu: „Hann kveðst vera uppalinn frá 6 ára aldri í næsta húsi, svo að segja, við Halldór Pálmason. Hann kveðst hafa vitað, að Halldór var heyrnarlaus, en hann hafi getað lesið af vörum, er rólega var talað, og talað sjálfur og ekki erfitt að skilja hann. Vitnið kveðst aldrei hafa séð Halldór lesa. Vitnið segir, að Halldór hafi verið alltað meðalgreindur maður. Hann hljóti að hafa verið athugull og fylgzt með, að hann skyldi alltaf hafa vinnu og vera vinnandi“.

Jóhann Þorkelsson dómkirkjuprestur hefur í bréfi til biskups 29. apríl 1901 látið svo mælt: „Halldór Pálmason, fd. 15. nóv. 1884, á sveit í Seltjarnarneshreppi, nú á Þormóðstöðum. Hann heyrir ákaflega illa, og er því mjög erfitt að kenna honum munnlega. Hann er auk þess svo blestur á máli, að erfitt er að skilja hann. Hann er ólæs og hefur yfirfarið eða að nafninu lært barnalærdóminn, en hefur mjög lítinn skilning á því, sem hann lærir, og gleymir því mjög fljótt aftur ... Hann kann lítið eitt að reikna og skrifa“.

Kristín Sigfúsdóttir, fædd 15. maí 1885, hefur gefið og staðfest fyrir rétti vottorð, dags. 12. marz 1969. Hún kveðst eftir síðustu aldamót hafa verið ásamt Halldóri heitn. Pálmasyni einn vetur og þrjú sumur á Þormóðsstöðum. Hún kveðst vera fullviss um það af viðkynningu sinni við hann, „að þá hafði hann ekki lært að lesa og var því ólæs þann tíma, sem ég þekkti til hans“. Fyrir dómi sagði hún, að „hún hafi lítið á Halldór sem sjúkling, fáfróðan og fatlaðan, en ekki heimskan“.

Matthías Þorbjörn Guðmundsson, fæddur 10. september 1921, hefur borið og staðfest með eiði svofellt vætti: „Vitnið segir svo frá, að Halldór Pálmason hafi lengi unnið undir samvinnu við það og þess stjórn, eða frá því að Fiskverkunarstöð bæjarútgerðarinnar reis af grunni, en vitnið er þar verkstjóri. Hafi Halldór verið með betri starfsmönnum, áhugasamur og verklaginn og mjög ábyggilegur starfsmaður, t. d. hafi hann verið stundvís og átt klukku og notað hana og yfirleitt verið mættur, áður en vinna skyldi hefjast. Hann hafi verið með albeztu aðgerðarmönnum og flatningsmönnum. Varðandi lestrarkunnáttu Halldórs tekur vitnið fram, að Halldór hafi mjög oft keypt Morgunblaðið og Alþýðublaðið í kaffihléum og lesið þessi blöð og getað rætt efni þeirra, einkum það, er laut að sjómennsku. Hann hafi iðulega viljað tala við vitnið um viss efni, sem hann hafði lesið, og rétti þá stundum viðkomandi blað að vitninu og lesið sumt upphátt, svo að þeir, sem höfðu kynni af honum, gátu skilið. Kannske hefðu ókunnugir átt erfiðara með að skilja hann. Hann hafi getað gert sig skiljanlegan í tali, þannig að engir sérstakir erfiðleikar hafi verið að skilja hann, og hann hafi, auk þess að kunna eflaust að lesa orð af vörum fólks, haft einhverja heyrn. T. d. kveðst vitnið minnst þess, að eitt sinn á gamlárskvöld hafi strákar sprengt púðurkerlingu eða þess háttar utan við glugga í húsi, sem þeir Halldór voru staddir í. Halldór hafi um leið hrokkið við og sagt „helvíta bjáninn“.

Halldór hafi á útborgunardögum kvittað fyrir kaupi sínu, eins og aðrir starfsmenn, með undirskrift. Hann hafi farið vel með peninga“.

(*Guðlaug*) *Stefanía Jónsdóttir*, fædd 15. desember 1894, hefur gefið fyrir dómi aðiljaskýrslu í málinu. „Mætt segir aðspurð, að Halldór Pálmason hafi verið talandi. Hann hafi verið óskýrmæltur að visu, en mælt, og þeir, sem mest umgengust hann, hafi getað skilið hann, og ýmsir þeir, sem minna voru kunnugir honum eða ókunnugir, en þeir hafi ekki skilið hann eins vel. Hann hafi getað skrifað hitt og þetta hjá sér til minnis í sambandi við smíðar, sem hann

fékkst við, enda hafi hann lært að skrifa hjá sr. Böðvari Bjarnasyni. Mætt kveðst hafa séð Halldór skrifa“. Mættri var sýnt í réttinum rskj. 1, þ. e. „sokka 1 slóta 50 kr“ og „glukkan 40 + 22“ „og segir hún, að það sé skrifað af Halldóri“. „Mætt segir, að Halldór hafi verið læs. Hann hafi verið mjög sólginn í að lesa fréttir í blöðum, hann hafi að jafnaði lesið í Morgunblaðinu og Vísí, sem mætt og Guðmundur Ingvarsson keyptu, en auk þess hafi hann oft keypt sér önnur blöð, t. d. Fálkann. Hann hafi lítið lesið af bókum nema helzt um sjómennsku. Hann hafi getað rætt um það eftirá, sem hann hafði lesið.

Mætt segir, að Halldór hafi verið skýr og greindur maður og hafi komið sér vel hvarvetna. Hún segir, að Halldór hafi geymt arfleiðsluskrána í lokuðum stofuskáp, sem hann átti, og þar hafi hún fundizt, er búið fór til skipta. Hún segir, að samkomulag þeirra fóstursystkinanna við Halldór hafi verið ágætt“.

Þórður Þórarinn Guðmundsson, fæddur 8. janúar 1901, hefur gefið svofellda aðiljaskýrslu í málinu: „Mættur kveðst hafa kynnt Halldóri Pálmassyni, þegar mættur var u. þ. b. 7 ára, og kveðst hafa búið í næsta húsi við hann í 25 ár, a. m. k. frá 12 ára aldri.

Kveðst hann aldrei hafa séð Halldór lesa neitt og ekki vita til, að hann gæti lesið. Mættur kveðst aldrei hafa séð Halldór skrifa. Ekki kveðst mættur hafa getað talað neitt að gagni við Halldór, það hafi mest verið bendingar, sem fóru þeim á milli, og orðið af misskilningur, en Halldór muni þó eitt-hvað hafa getað það, sem kallað er, lesið af vörum fólks. Mættur segir, að móðir hans, sem var systir Halldórs, hafi oft kvartað um það, hve erfiðlega sér gengi að gera sig skiljanlega fyrir Halldóri og að skilja hann, og segir mættur, að hún hafi haft oft orð á þessu við hann“.

Lögð hafa verið fram í málinu vottorð nokkurra manna um þau efni, er greinir í vætti framantalinna vitna. Þar sem vottorð þessi hafa eigi verið staðfest fyrir dómi, eru eigi ástæður til að rekja efni þeirra, enda kemur ekkert nýtt fram í þeim, sem breyti heildarmynd málsins.

Þorgils Ingvarsson hefur gefið og staðfest fyrir dómi skýrslu um tildrögin að gerð erfðaskrár Halldórs heitins Pálmasonar. Þar segir m. a.:

„Það er rétt, að skráin var vélrituð í október 1963 og eru tildrögin þessi: Halldór var oft um 2—3ja ára skeið búinn að kvabba í mér að gera fyrir sig arfleiðsluskrá, sem ég hummaði fram af mér lengi vel, taldi mig tæplega færan um það. En Halldór bar sérstakt traust til mín, sennilega af því að ég var starfandi í banka, auk þess sem ég hafði nokkuð ungengizt hann og heimili hans frá árinu 1916 og síðan.

Svo um haustið 1963 hlustaði ég á Halldór og fékk vitnaskju um, á hvern hátt hann vildi ráðstafa eignum sínum eftir sinn dag.

Hann sagði „Húsið til Mumma bróðir, hann jarðar mig, ef engir peningar“, „Ef peningar, til Sigga bróðir, Mumma bróðir, Steina bróðir, Stebbu og Möggu“.

Svo áttaði hann sig á, að Sigurður væri dáinn, og sagði „konu Sigga bróðir Ágústu“.

Ekki er mér kunnugt um, hvaðan hann hafði hugmyndina um Málleysingjaskólann, en ekki tel ég ólíklegt, að það séu gömul tengsl við séra Böðvar kennara hans, en Margrét systir séra Böðvars varð skólastjóri skólans, og svo það, að Halldór hefur vitað, að skólinn gat mikið hjálpað þeim, sem heyrnarlausir eru, þó hann sjálfur nyti þar aldrei kennslu.

Halldór var einnig að tala um „Hrafnistu“, en satt að segja skildi ég illa, hvað hann meinti, og enga upphæð nefndi hann í þessu sambandi, eins og hann gerði við skólann. Hann tautaði „sjómenn Hrafnistu“, „skipin flagga sunnudag“ o. fl. Átti sjálfsagt við Dvalarheimili aldraðra sjómanna. En svo sagði hann ákveðinn: „Dóri aldrei á Hrafnistu, bara hjá Mumma bróðir og stelpunum“. Það eru sennilega tvær ungar dætur Guðmundar, sem Halldóri þótti mjög vænt um. Síðan setti ég saman skrána, en Vilhjálmur heitinn Lúðvíksson lögfræðingur leiðrétti það, sem honum fannst athugasemjaverð. Síðan var hún vélrituð, og afhenti ég svo

Halldóri plaggið til yfirlestrar. Hann mun hafa sýnt Guðmundi og Stefaniú skrána.

Svo liður og bíður, að ég heyri ekkert frá Halldóri, var satt að segja búinn að gleyma Halldóri og hans arfleiðsluskrá, fyrr en síðast í apríl, að ég frétti hjá bankastarfsmanni, að maður hefði verið að bíða mín við herbergisdyrnar, sem voru opnar, en ég ekki inni. Starfsmaðurinn sagðist hafa sagt við manninn, að fyrst herbergið væri opið, þá væri ég í bankanum, en Halldór hristi bara kollinn og fór. Skildi auðvitað ekkert af því, sem starfsmaðurinn sagði.

Þegar ég heyrði þetta, datt mér strax Halldór í hug, og kom boðum til hans að koma á ákveðnum tíma, sem svo varð 30. maí 1964. Og af þessari ástæðu var ártalinu breytt, enda fór þá undirskriftin fram.

Það upplýstist, að Halldór hafði komið niður í banka að svipast eftir mér að minnsta kosti tvisvar á tímabilinu des. 1963 til marz 1964, en ekki lánast að hitta mig.

Þannig er ég undirritaður viðriðinn þessa arfleiðsluskrá Halldórs heit. Pálmasonar“.

Þorgils skýrði svo frá fyrir dómi, „að Halldór hafi komið á sinn fund í herbergi hans í Landsbankanum til þess að skrifa undir erfðaskrána, sem mættur hafði þar tilbúna. Kveðst Þorgils hafa kallað á þá Stefán Pétursson og Jóhannes Jóhannessen til að vera votta að gerningnum, og er þeir voru komnir, kveðst hann hafa sagt við Halldór, að hann skyldi lesa skrána að þeim viðstöddum. Þorgils getur þess, að þeir vottarnir hafi ekki samið texta vottors þess, er þeir skrifuðu undir. Halldór hafi nú lesið skrána yfir, og hafi það tekið hann, eins og segja mætti, hæfilegan tíma, miðað við þann tíma, sem taka myndi venjulega læsan mann að fara gegnum lesmál þetta. Að því búnu kveðst Þorgils hafa spurt Halldór, hvort hann væri samþykkur því, sem í skránni stóð, og hafi Halldór þá brosað og kinkað kolli og sagt skýrum orðum, já.

Þorgils segir aðspurður, að hann geti fullyrt, að Halldór hafi verið læs. Hann hafi átt erfitt með að mynda setningar, en tungutak hans hafi verið skýrt“.

Stefán Pétursson hæstaréttarlögmaður hefur fyrir dómi borið um undirritun erfðaskrárinnar. Þorgils Ingvarsson hafi kallað hann og Jóhannes Jóhannessen lögfræðinema inn í herbergi sitt í Landsbankanum, þar sem fyrir var Halldór heitinn Pálmason, sem Stefán þekkti eigi áður. „Þorgils hafi verið með erfðaskrána og eitthvað talað við mann þenna um einhver atriði í skránni eins og til útskýringar. Aðspurður getur vitnið þess, að Þorgils hafi snúið sér að manninum og talað, líkt og hann talar við aðra. Síðan hafi Þorgils beðið arfleiddanda að lesa skrána yfir, sem hann hafi og gert, og hafi farið til þess sennilegur tími, miðað við lesmál. Þá hafi Þorgils innt arfleiddanda eftir því, hvort hann væri samþykkur efnis skrárinnar, og jafnframt rétt honum miða, sem vitninu skildist, að hefði að geyma spurningu sama efnis. Hafi Halldór brosað og kinkað kolli og kannske jafnframt muldrað eitthvað, og kveður vitnið sér hafa verið ljóst, að hann hafi verið ánægður með skrána.

Vitnið getur þess, að því hafi verið ljóst, áður en Halldór undirritaði, að hann var dauðdumbur. Aðra persónulega vitneskju um, að Halldór hafi verið læs, en lestur hans á skránni og láthragðssvar hans við spurningu Þorgils um, hvort hann skildi skrána, kveðst vitnið ekki hafa. Hann kveðst engin orðaviðskipti hafa átt við Halldór. — Eftir að Halldór hafði undirritað, kveðst vitnið hafa lesið vottorð það, sem honum hafi verið ætlað að undirrita og komið var á skrána fyrirfram, og síðan undirritað það athugasemda-laust“.

Við framhaldsprófin var vitnið spurt, „hvort það hafi séð Þorgils Ingvarsson rétta Halldóri Pálmasynti miða til aflestrar, rétt áður en Halldór ritaði undir arfleiddsluskrána. Kveðst vitnið hafa séð það, og kveðst hafa séð, að á miðanum stóð spurning um það, hvort Halldór væri samþykkur arfleiddsluskrá þeirri, sem hann var að enda við að lesa. Vitnið kveðst ekki muna orðalag þessarar spurningar nákvæmlega, en þetta hafi verið efnið. Þá hafi Halldór kinkað kolli og brosað, þegar hann var búinn að líta á miðann“.

Jóhannes Jóhannessen lögfræðingur hefur greint fyrir dómi þannig frá undirritun erfðaskrárinnar:

„Hann segir, að Þorgils Ingvarsson hafi komið inn til þeirra Stefáns Péturssonar og beðið þá að vera votta að arfleiðslugerningi. Hann minnir, að Þorgils hafi getið þess, að arfleiðandi væri daufdumbur. Vitnið kveðst hafa verið allsendis ókunnugur Halldóri. Nú hafi Þorgils tekið skrána og lesið upp atriði úr henni, en síðan fengið hana Halldóri, sem hafi lesið hana og notað til þess sennilegan tíma, að því er vitnið minnir, og síðan kinkað kolli og brosað, og að því er vitnið helzt minnir, sagt: gott eða já. Hafi Halldór síðan undirritað. Vitnið segir, að það hafi skynjað á viðbrögðum Halldórs og athugun hans á skránni, að hann bæði skildi efni skrárinnar og að það væri í samræmi við vilja hans. Hann segir, að vottorðið hafi verið á skránni, þannig að þeir þurftu ekki að gera annað en að undirrita, eftir að hafa lesið vottorðið yfir.

Vitnið segir, að hann hafi engin orðaskipti átt við Halldór“.

Við framhaldsprófun var vitnið spurt, „hvort það minnst þess, að Þorgils Ingvarsson hafi rétt Halldóri Pálmasoni miða til lestrar, rétt áður en Halldór undirritaði skrána. Vitnið kveðst ekki hafa séð það, en minnir helzt, að það hafi séð Halldór með miða í höndunum. Þó megi aðeins vera, að samræður manna þarna hafi snúizt að einhverju um slíkan miða, og megi vera, að það hafi komið sér á þá skoðun, að um miða væri að ræða. Vitnið kveðst ekki vita neitt um efni slíks miða, hafi hann verið til, eða umræður um efni hans“.

Halldór heitinn Pálmason er talinn fæddur 15. nóvember 1884. Hann er sagður hafa misst heyrn einhvern tíma á aldrinum þriggja til sex ára. Föður sinn missti hann um sex ára aldur. Um tólf ára aldur tóku hjónin Þórarinn Arnórsson og Ingibjörg Halldórsdóttir hann til fósturs. Þau hjón voru barnlaus, en ólu upp sjö börn, og erfðu sex þeirra þau.

Af skýrslum málsins má ráða, að Halldór heitinn hafi

verið mjög heyrnardaufur, en ekki fullkomlega heyrnarlaus. Hann var lítið eitt talandi og gat gert sig skiljanlegan þeim, sem vöndust umgengni við hann. Vætti benda til, að hann hafi haft töluverða æfingu að lesa af vörum manna mál. Hann var vinnusamur maður, stundaði landvinnu og togara-sjómennsku, og má marka af skýrslum, að heyrnardeyfa og málvöntun hafi eigi valdið erfiðleikum í skiptum hans við yfirmenn hans og starfsfélaga. Séra Jóhann Þorkelsson taldi hann í áðurgreindu bréfi ekki læsan. En samkvæmt óhröktu vætti þeirra Bjarna Sigurvins Össurarsonar, Guðmundar Pjeturssonar og Matthíasar Þorbjarnar Guðmundssonar hefur Halldór heitinn getað lesið nokkuð. Telja má leitt í ljós, að hann hafi getað skrifað lítið eitt. Marka má af vætti vitna, að hann hafi verið sæmilega viti borinn og athugull þrátt fyrir heyrnar- og máldeyfuna. Halldór heitinn var mikill ráðdeildarmaður um meðferð fjár síns, kvittaði fyrir kaupi sínu og lagði peninga sína sjálfur á banka og tók þá út eftir þörfum. Þá er lítið er til hins nána sambands hans við fóstursystkini sín, verður arfleiðslugerningur hans að teljast eðlilegur. Frásögn hins skilgóða manns Þorgils Ingvarssonar um aðdraganda og gerð arfleiðslugerningsins verður eigi rengd. Vætti arfleiðsluvottanna Stefáns Péturssonar og Jósannesar Jóhannessens er gilt, svo langt sem það nær. Að öllu samanlögðu eru fyrir hendi nægileg sönnunargögn til að hrinda vefengingu gagnáfrýjenda á erfðaskrá Halldórs heitins Pálmasonar frá 30. maí 1964, sbr. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 8/1962 um erfðir. Ber því að meta hana gilda.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir skiptadómi og Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Arfleiðsluskrá Halldórs heitins Pálmasonar, undirrituð 30. maí 1964, er gild.

Málskostnaður fyrir skiptadómi og Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 9. apríl 1968.

Egill Sigurgeirsson hæstaréttarlögmaður hefur krafizt þess f. h. Þórðar Guðmundssonar og Guðríðar Guðmundsdóttur, beggja til heimilis að Austurbrún 23, að arfleiðsluskrá, sem gerð er af Halldóri Pálmasynti, Grandavegi 38, dagsett 30. maí 1964, verði úrskurðuð ógild og að varnaraðiljum verði gert að greiða málskostnað in solidum.

Af hálfu varnaraðiljanna, erfingja samkvæmt erfðaskrá þessari, þeirra Guðmundar Ingvarssonar, Grandavegi 38, Margrétar Guðmundsdóttur, Fjölnisvegi 7, Stefaníu Jónsdóttur, Grandavegi 38, Ágústu Jónsdóttur, Hagamel 19, Þorsteins Guðmundssonar, Laufásvegi 18 A, og Málleysingjaskólans í Reykjavík, eru þær réttarkröfur gerðar, að kröfum sóknaraðilja verði hrundið og búinu skipt samkvæmt ákvæðum arfleiðsluskrárinnar og að Þórði Guðmundssyni og Guðríði Guðmundsdóttur verði in solidum gert að greiða málskostnað.

Var mál þetta tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram 22. marz s.l.

Hinn 18. maí 1965 andaðist hér í borg Halldór Pálmason verkamaður, þá til heimilis að Grandavegi 38. Samkvæmt framlögðum gögnum var hann fæddur seint á árinu 1885. Uppskrift á dánarbúi hans fór fram 23. júní 1965, og vísast til uppskriftarinnar, sem lögð hefur verið fram sem rskj. 2, um eignir búins. Þá kom og fram arfleiðsluskrá Halldórs. Hefur hún verið lögð fram í málinu sem rskj. 3 og er á þessa leið:

„Ég undirritaður Halldór Pálmason, verkamaður, Grandavegi 38 (Melstaður) í Reykjavík, geri hér með svofellda arfleiðsluskrá:

1. Eignarhluta minn í húseigninni nr. 38 við Grandaveg (Melstaður) í Reykjavík skal ganga óskertur, eins og ég eignaðist hann, sem arf úr dánarbúi fósturforeldra minna Þórarins Arnórssonar og Ingibjargar Halldórsdóttur, til fósturbróður míns Guðmundar Ingvarssonar, Grandavegi 38 í Reykjavík eða erfingja hans, ef ég lifi hann.

2. Kr. 10.000.00 — tíu þúsund krónur — gangi til Málleysingjaskólans í Reykjavík til styrktar fátækum nemanda eða nemendum og er skólastjóra skólans falið að sjá um úthlutun þessa og er það algjörlega á hans valdi hvernig fénu verði varið í þessu skyni.

3. Guðmundi Ingvarssyni, Grandavegi 38 eða erfingjum hans

er falið að sjá um útför mína, sem á að verða íburðarlaus en sómasamleg.

4. Þeir fjármunir sem kunna að verða eftir, þegar kostnaður við jarðarför mína er greiddur og framangreind upphæð er greidd til Málleysingjaskólans, skal skiptast jafnt á milli uppeldissystkina minna og maka þeirra sem dáið eru, en þau eru:

Þorsteinn Guðmundsson skipstj. Laufásvegi 18 A, Reykjavík

Margrét Guðmundsdóttir, starfar á Landsspítalanum

Stefanía Jónsdóttir, Grandavegi 38, Reykjavík

Ágústa Jónsdóttir (ekkja Sigurðar eit. skipstj. fósturbróður míns), Hagamel 19, Reykjavík.

Guðmundur Ingvarsson, sjóm. Grandaveg 38, Reykjavík.

Ef svo skyldi fara, að allt mitt lausafé yrði þrotið áður en ég dey, þá skal Guðmundi Ingvarssyni eða erfingjum hans, vera skylt að sjá um útför mína, enda haldi hann eða erfingjar hans, húspartinum eins og áður segir. En að sjálfsögðu falla þá aðrir arfa hlutar niður.

Af arfleiðsluskrá þessari eru gerð og undirrituð tvö samrit og verða geymd á sitt hvorum staðnum til öryggis.

Reykjavík, 30. maí 1964

Halldór Pálmason.

Við undirritaðir, sem vorum kvaddir til að vera vottar að arfleiðsluskrá Halldórs Pálmasonar, Grandavegi 38, Reykjavík, sem er heyrnarlaus og lítt talandi, en læs, las erfðaskrána yfir í okkar viðurvist og tjáði okkur með orðum og látbragði sínu, að hann væri að öllu samþykktur því sem í henni stæði og væri sinn vilji og undirritaði hana (í tvíriti) í okkar viðurvist. Gerði hann þetta af frjálsum og fúsum vilja og með fullu ráði.

Þetta erum við reiðubúnir að staðfesta með eiði, ef krafist verður.

Reykjavík, 30. maí 1964,

Stefán Pétursson hdl.

Jóhannes Jóhannessen stud. jur.“.

Þessari skrá var þegar við uppskriftina mótmælt af sóknaraðiljum, Þórði og Guðríði, en þau eru systurbörn Halldórs Pálmasonar. Var ákveðið, að búi þessu skyldi skipt opinberum skiptum með innköllun til skuldheimtumanna, og hefur sérstakt skiptaréttarmál verið rekið vegna vefengingar á arfleiðsluskránni. Er það hér til úrskurðar.

Nokkur atriði hafa fram komið af hálfu aðilja um ævi Halldórs Pálmasonar, og ber þeim að mörgu leyti saman, a. m. k. í aðal-

atriðum. Bæði hefur Þorgils Ingvarsson, Grenimel 40, sem var nákunnugur Halldóri og er bróðir Guðmundar Ingvarssonar, varnaraðilja máls þessa, svo og sóknaraðili Guðríður Guðmundsdóttir skilað í málinu löngum skýrslum hér að lútandi. Samkvæmt því, sem fram er komið í máli þessu, hefur Halldór Pálmason orðið fyrir þeim veikindum á fyrstu árum sínum, að hann missti heyrn. Heldur Þorgils Ingvarsson, að hann hafi þá verið 5—6 ára, en Guðríður, að hann hafi ekki verið nema 3ja ára. Þá er upplýst, að Halldór muni hafa misst föður sinn árið 1890, en nokkrum árum síðar hafi hann verið tekinn til uppeldis af Þórarni nokkrum Arnórssyni og konu hans og dvalizt hjá þeim nokkur ár og verið fermdur 17 ára. Þeim, sem til þekktu og borið hafa í þessu máli, ber saman um, að Halldór hafi í gerðinni verið skýrleiksmaður og verklaginn. Hefur Þorgils Ingvarsson sagt, að Halldór hafi um skeið sem unglingur notið kennslu Böðvars Bjarnasonar, sem hefði starfað við kennslu dauðdumbra, og hann hafi lært að lesa sér til gagns, svo sem dagblöð, en hann hafi átt erfiðara með skrift, þó getað skrifað sér til minnis og tölustafi hafi hann þekkt og getað farið með þá eftir þörfum. Hann hafi haft merkilega mikinn orðaforða og þó átt erfitt með að mynda setningar og bablað eins og barn. En við sína nánustu vini og samstarfsmenn hafi hann getað talað. Vitnið Einar Sigurðsson skipstjóri, Smáraflöt 51, kveðst hafa verið vel kunnugur Halldóri Pálmasynt, hafi Halldór verið greindarmaður og hafi verið hægt að tala fullum fetum við hann með því að tala rólega og snúa sér að honum. Hann muni hafa haft einhverja heyrn, t. d. hafi hann hrokkið við, er skotið var af byssu. Ekki kveðst Einar minnst þess, að hann hafi séð Halldór lesa eða skrifa. Þá hefur sóknaraðilinn Guðmundur Ingvarsson sagt svo frá, að Halldór hafi verið allæs, kunnað alla stafi og tölustafi og lesið dagblöð svo að segja spjaldanna á milli, en lítið muni hann hafa lesið af bókum, þó hann hafi haft gaman af að lesa sjóferðabækur, sem hann muni hafa lesið sér að fullu gagni. Guðmundur segir, að ekki hafi verið hægt að segja, að hann hafi verið að fullu skrifandi, en hann hafi þó skrifað tölur sér til minnis. Þá heldur Guðmundur, að Halldór muni hafa haft einhverja heyrn, einkum á snögg og skörp hljóð.

Halldór Hansen, dr. med., Laufásvegi 24, heimilislæknir Halldórs Pálmasonar, hefur mætt sem vitni í máli þessu. Dr. Halldór er á 2. og 3. við þá bræður Þorgils Ingvarsson og Guðmund, varnaraðilja í máli þessu, og hann er systursonur uppeldismóður Hall-

dórs Pálmasonar. Segir dr. Halldór, að sér hafi virzt Halldór Pálmason skynugur, og kveðst ekki hafa verið í erfiðleikum með að láta hann skilja sig né að skilja, hvað Halldór vildi. En hann segist ekki geta borið um lestrar- og skriftarkunnáttu hans af eigin raun.

Sóknaraðilinn Guðríður Guðmundsdóttir hefur aftur á móti sagt, að aðeins þeir, sem umgengust Halldór Pálmason mest, hafi getað skilið hann, hann hafi haft mjög takmarkaðan orðaforða, en hann hafi ekki notað fingramál eða tákn. Þá er vefengt af sóknaraðiljanna hálfu, að hann hafi verið læs, og þótt hann hafi stundum skoðað dagblöð, hafi hann allt eins vel haldið þeim öfugum, ef hann gat ekki áttað sig á því eftir myndum eða öðru, hvernig þau áttu að snúa.

Þorgils Ingvarsson hefur skýrt svo frá, að allöngu áður en arfleiðsluskráin er gerð, hafi Halldór verið búinn að talfæra við sig að skrifa slíka skrá fyrir hann. Kveðst Þorgils hafa talið sig lítt færan til þess og færzt undan því lengi vel. En um haustið 1963 kveðst hann þó hafa látið tilleiðast og komizt að því, hvernig Halldór vildi ráðstafa eignum sínum. Það hafi þó farizt fyrir, að Halldór undirritaði skrána að sinni.

Um atvik að undirritun skrárinnar skýrir Þorgils Ingvarsson svo frá, að þá er Halldór var kominn á fund hans í Landsbanka Íslands, hafi hann kallað á samstarfsmenn sína, þá lögfræðingana Stefán Pétursson og Jóhannes Jóhannessen, og beðið þá að votta þennan löggerning. Þá er þeir voru komnir á vettvang, kveðst Þorgils hafa beðið Halldór að lesa skrána að þeim viðstöddum. Hafi Halldór gert það og hafi það tekið hann, eins og segja mætti, hæfilegan tíma miðað við það, sem venjulega læs maður mundi þurfa til að fara gegnum ámóta lesmál. Þá segist Þorgils hafa spurt Halldór, hvort hann væri samþykkur því, sem í skránni stóð, og Halldór hafi þá brosað og kinkað kolli og sagt skýrum orðum: já.

Stefán Pétursson hæstaréttarlögmaður, Mánagötu 25, hefur mætt sem vitni í málinu. Hann segir, að Þorgils Ingvarsson hafi komið til hans og Jóhannesar Jóhannessens og beðið þá að votta arfleiðslugerning. Hafi þeir báðir komið með Þorgils inn í starfs-herbergi hans og þar hafi setið maður, sem Stefán þekkti ekki persónulega. Hafi Þorgils verið með arfleiðsluskrána og hann hafi eitthvað talað við mann þennan um skrána, hafi Þorgils snúið sér að manninum og talað líkt og hann tali við aðra.

Síðan hafi Þorgils beðið hann að lesa skrána yfir, sem hinn

hafi gert, og hafi farið til þess sennilegur tími miðað við lesmál. Þorgils hafi síðan innt arfleifanda eftir því, hvort hann væri samþykkur því, sem í skránni stóð, og jafnframt rétt honum miða, sem Stefáni skildist, að hefði áritaða spurningu sama efnis. Hafi arfleifandi brosað og kinkaði kolli og e. t. v. jafnframt muldrað eitthvað. Kveðst Stefán hafa verið þess viss, að hann hafi verið ánægður með skrána. Stefán segir sér hafa verið ljóst, áður en arfleifandi undirritaði skrá þessa, að hann var daufdumbur, en hann kveðst engin orðaskipti hafa átt við hann og kveðst ekki hafa ályktað um lestrarkunnáttu hans af öðru en lestri hans á skránni og látbragðssvari hans við spurningu Þorgils, sem að framan getur. Eftir undirritun arfleifanda kveðst Stefán hafa lesið arfleiðsluvottorð það, sem þegar var komið á skrána, og undirritað það athugasemdalaust.

Jóhannes Jóhannessen lögfræðingur, Vesturgötu 41, segir frá á líkan hátt og Stefán Pétursson. Hann kveður Þorgils hafa komið inn til þeirra Stefáns Péturssonar og beðið þá að votta arfleiðslugerning og minnir, að Þorgils hafi látið þess getið, að arfleifandi væri daufdumbur, en hann kveðst sjálfur hafa verið allsókunnugur arfleifanda og engin orðaskipti átt við hann þarna. Þorgils hafi síðan tekið skrána og lesið upp atriði úr henni, en síðan fengið arfleifanda hana til aflestrar, og minnir Jóhannes, að í það hafi farið sennilegur tími. Síðan hafi arfleifandi kinkað kolli og brosað og, að því er Jóhannes minnir, sagt: gott eða já. Kveðst Jóhannes hafa skynjað á viðbrögðum arfleifanda og athugun hans á skránni, að hann bæði skildi efni skrárinnar og að þar ritað væri í samræmi við vilja hans. Loks segir Jóhannes, að vottorð það, sem þeim Stefáni var ætlað að undirrita, hafi verið á skránni, þannig að þeir þurftu ekkert að gera annað en að lesa það og undirrita.

Af hálfu sóknaraðiljanna er bent á það, að arfleiðsluvottorðið tilgreini ekki heimilisfang vottanna, það tilgreini ekki stað og stund gerningsins og loks sé þar látið undan fallast að geta um andlega heilsu arfláta. Sé þar mjög brotið í bág við ákvæði 42. gr. laga nr. 8/1962, en þar sé um að ræða algerlega ófrávíkjanleg formaskilyrði, þannig að ef breytt sé út frá þeim reglum, sé vottorðið þegar af þeirri ástæðu ónýtt.

Í rökstuðningi að öðru leyti fyrir kröfum sínum vísa sóknaraðiljar til ákvæða 34. gr. erfðalaga frá 1962, þar sem sú ófrávíkjanlega krafa sé gerð til gildis erfðagernings, að arfleifandi sé svo heill heilsu andlega, að hann sé fær um að gera slíka ráð-

stöfun á skynsamlegan hátt. Er vefengt, að Halldór Pálmason hafi verið búinn slíkri heilsu. Hann hafi misst heyrn innan 5 ára aldurs, líklega 3ja ára, og þar af leiði, að hann hafi ekki lært lestur né almennan talsmáta, þó að hann að öðru leyti hafi verið skynugur í gerðinni. Hann hafi átt mjög erfitt með að koma hugsun sinni á framfæri og þeir, sem þó voru honum kunnufastir, hafi átt býsna erfitt með að skilja hann. Sé því allra hluta vegna mjög hætt við því, að u. þ. b. átræður og heyrnarlaus, ólæs og að mestu mállaus maður, eins og Halldór var, hafi misskilið veigamikið atriði í sambandi við arfleiðslugerning og sá, er skrána ritaði, hljóti að hafa mátt vera í vafa um ýmislegt það, sem Halldór kynni að hafa óskað, að þar kæmi fram.

Sóknaraðiljar halda því fram, að arfleiðsluvottarnir hafi mjög kastað höndum til starfa síns. Þeir hafi alls ekki þekkt Halldór persónulega og engin orðaskipti átt við hann. Það komi fram í vottorði þeirra, að þeim hafi verið ljóst, að hann var dauðdumbur, en staðhæfing þeirra um, að hann hafi verið læs, sé gersamlega úr lausu lofti gripin, enda þótt þeir hafi horft á hann rýna í skrána. Hafi þeir að minnsta kosti mátt fá verulegar efasemdir um lestrarkunnáttu hans, úr því að þeim var það ljóst, að hann var heyrnarlaus, og hefði átt að rannsaka það atriði miklu nánar í stað þess að láta sér nægja sýndaryfirlýsingu hans, sem þeir þó geti naumast tilfært, hvernig fram var borin um, að hann væri ánægður með skrána. Þegar á allt þetta sé litið, sé einsætt, að ágallar þeir, sem Halldór hafi verið haldinn, heyrnarleysi, málleysi og ólæsi, þar að auki hár aldur hans, enn fremur ófullkomleiki vottorðsins og losarabragur á athugun arfleiðsluvottanna, hljóti hver fyrir sig og allir til samans að teljast svo verulegir ágallar, að arfleiðsluskrá þessi verði metin ógild. Er vísað til ákvæða 45. greinar erfðalaga í þessu sambandi.

Varnaraðiljar hafa haldið því fram, að sönnunarbyrði þess, að Halldór Pálmason hafi verið ófær um að gera arfleiðsluskrá, hvíli á sóknaraðiljum. Svo sé, þegar arfleiðsluvottorð tilgreini arfleifanda færán til þessa gernings, svo sem hér sé gert, og leiði þetta af 46. grein erfðalaga, 2. mgr. Í þessu sambandi vísa varnaraðiljar á bug aðfinnslum sóknaraðilja við arfleiðsluvottorðið, þó að vottarnir hafi látið undan fallast að nefna heimilisföng sín, þá skipti það ekki máli, þar eð Stefán Pétursson hafi sett hdl. og Jóhannes Jóhannessen hafi sett stud. jur. við nafn sitt, og sé alls ekki um að ræða, að um verði villzt, hverjir þarna hafa verið að verki, en sá sé berlega tilgangur laganna að tryggja, að ekki fari milli

mála um það atriði. Vottorðið geti þess, að gerningurinn hafi farið fram í Reykjavík, og það er dagsett þannig, að ekki verði um villzt. Það sé og rangt hjá sóknaraðiljum, að ekki sé farið út í andlegt heilsufar arfleifanda, sagt sé skýrum stöfum, að hann hafi gert skrána af „frjálsum og fúsum vilja og með fullu ráði“, en þetta tíðkanlega lagamál feli í sér, að arfleifandi teljist vera heill heilsu andlega í skilningi 34. greinar, 2. mgr., erfðalaga. Því er og mótmælt, sem sóknaraðiljar hafa haldið fram, að vottarnir Stefán og Jóhannes hafi mátt vera í vafa um arfleiðsluvilja Halldórs. Hann hafi gefið þeim til kynna með orðum og látbragði, að hann var samþykkur því, er í skránni stóð, og í raun og veru hafi hann verið læs, enda fram komið, að hann var skrifandi. Sé því ekki á neinn hátt varhugavert að meta þessa arfleiðsluskrá gilda sem grundvöll búskipta. Efni skrárinnar sé alls ekki óeðlilegt, nema síður væri, þar eð Halldór vilji, að uppeldissystkin hans, sem hann hafi umgengist langmest, njóti eignanna að mestu leyti.

Þar eð Halldór Pálmason var daufdumbur, var í rauninni full ástæða til þess, að arfleiðsluvottar væru valdir úr hópi þeirra, sem hafa æfingu í að umgangast daufdumba, skilja þá og gera sig skiljanlega fyrir þeim.

Arfleiðsluvottarnir lýsa því að vísu yfir, að arfleifandi hafi lesið skrána að þeim viðstöddum, en þar eð þeir gerðu sér ljóst, að hann var daufdumbur, mátti þeim vera vitanlegt, að líklegt var, að lestrarkunnátta hans væri annmörkuð. Þeir virðast þó ekki hafa leitast við að athuga nánar, að hve miklu gagni þessi lestur arfleifanda kom honum í raun og veru eða að hve miklu leyti samþykkislátbragð hans byggðist á nánum skilningi hans á hinu ritaða máli, sem er í nokkrum liðum, og er skráin síður en svo orðuð á ljósasta máli eða vandvirknislega skrifuð. Höfðu arfleiðsluvottarnir ýmsar leiðir til að reyna að ganga úr skugga um hæfileika arfleifanda í þessar áttir.

Verður ekki hjá því komizt að telja, að arfleiðsluvottunin hafi verið svo lauslega framkvæmd eftir öllum atvikum, að í bága brjóti við ákvæði í 2. mgr. 42. greinar erfðalaga, sem lúta að sönnun fyrir þeirri hæfni arfleifanda, sem 34. gr., 2. mgr., mælir fyrir um.

Verður því að fallast á vefengingu sóknaraðilja á arfleiðsluskránni og meta hana ógilda sem grundvöll skipta á dánarbúi Halldórs Pálmasonar.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður í máli þessu.
Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Arfleiðsluskrá, undirrituð af Halldóri Pálmasyni 30. maí
1964, er ógild.
Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 28. marz 1969.

Nr. 207/1968. Grána h/f

(Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

Jóni Egilssyni

(Ragnar Steinbergsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. nóvember 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 7.425.00 með 8% ársvöxtum frá 1. ágúst 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað skýrslna þeirra Edwards Frederiksens, forstöðumanns Gisti- og veitingastaðaeftirlits ríkisins, Ludvigs Hjálmtýssonar, framkvæmdastjóra Ferðamálaráðs, og Geirs H. Zoëga forstjóra. Af hendi Ferðamálaráðs er það ekki viðurkennt, að stefnda hafi verið gefnar heimildir til að kaupa vöru þá, sem um er fjallað í málinu, fyrir hönd þess.

Þar sem þannig er eigi í ljós leitt, að stefndi hafi haft umboð til að kaupa vöru þessa fyrir Ferðamálaráð, verður